



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 8. júní 2021
VEL2021060009
SFS2019090155

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um úthlutun fjármagns á grundvelli lýðfræði

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak):

Lagt er til að aukin áhersla verði lögð á að taka tillit til lýðfræðilegra þátta við úthlutun fjármagns til grunnskóla í borginni með það að markmiði að auka jöfnuð milli barna og skóla í anda stefnunnar um Menntun fyrir alla. Byggt verði á Vísunum að auknum tækifærum (e. Learning opportunities index – LOI) sem er stuðull sem er reiknaður út fyrir grunnskóla og á að endurspegla þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Þar með gefst frekara tækifæri til að beita snemmtækum stuðningi við barn eða börn vegna þarfa sem skapast þótt greiningar liggi ekki fyrir. Breytingin styður við það fyrirkomulag að greining sé ekki nauðsynleg forsenda stuðnings. Um er að ræða tilfærslu á stuðningsfjármagni og mun verkefnisstjórn útfæra fyrirkomulag.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að nota ákveðinn stuðul (e. Learning opportunities index – LOI) sé reiknaður út fyrir grunnskóla til að sjá betur hverjir þurfa snemmtækan stuðning. Að veita snemmtæka íhlutun ef barn á í vanda eru mannréttindi. Börn eiga ávallt að fá snemmtæka íhlutun en einnig að fá nauðsynlegar greiningar sem kennarar og foreldrar ásamt fagaðilum hafa sammælt um að barn þurfi. Vel kann að vera að þessi meirihluti telji að með því að draga úr greiningum sé verið að spara mikinn pening. Svo er ekki. Ef barn er að fá ranga meðhöndlun og meðferð við sínum vanda því ekki hefur verið skoðað með gagnreyndum

aðferðum hver sé grunnvandinn er verið að taka áhættu með líðan barnsins og það á eftir að kosta. Með því að fá upplýsingar frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis (4ra ára skoðun barns) er hægt að sjá strax hvort barnið glími við vanda eða vísbendingar þar um. Því miður er ekki samræmd samvinna milli skóla og Heilsugæslu og hvergi er minnst á slíkt samráð í þeim tillögum sem hér eru lagaðar á borð. Flótti frá greiningum þessa meirihluta til að spara fé vekur ugg og má telja víst að einhver hópur barna eiga eftir að líða fyrir að lokað er fyrir nauðsynlegan sveigjanleika í þessum efnun.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs



Helgi Grímsson

sviðsstóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir (Ísak) um úthlutun fjármagns á grundvelli lýðfræði, ásamt fylgiskjölum.